

Félagssfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 6. nóvember 2024

Fyrirlesari: Óttar Guðmundsson, geðlæknir og rithöfundur.

Efni: „Sigurður Breiðfjörð og samtíð hans“

Mættir: 79 skráðir, félagsmenn og nokkrir gestir.

Þar sem formaður var í öðru hlutverki á þessum fundi var fundarstjórn í höndum ritara, Helgu M. Ögmundsdóttur, sem setti fund stundvíslega kl. 16. Hún fór að venju yfir það sem er helst á döfinni hjá félaginu og er þar skemmst að minnast sérlega vel heppnaðar afmælishátíðar sem haldin var 4. október til að minnast 30 ára afmælis Öldungadeildar. Frásögn og myndir er að finna í Læknablaðinu. Þá var bent á framlag Öldungadeildar á komandi Læknadögum, málstofu og hádegisfund. Minnst var tveggja látinna féлага, Ómars Ívarssonar og Magnúsar B. Einarssonar, en hann var formaður Öldungadeildar 2013-2017. Þá var kominn tími til að gefa fyrirlesara orðið, Óttari Guðmundssyni, formanni, geðlækni og rithöfundi. Titill hans var „Sigurður Breiðfjörð og samtíð hans“ en bók hans um það efni er nýkomin út undir heitinu „Kallaður var hann kvennamaður“. Óttar dró upp líflega mynd af Sigurði Breiðfjörð. Hann byrjaði reyndar á að kynna stuttlega rímnakveðskapinn en besta leiðin til þess var auðvitað að hleypa Jóhönnu Þórhallsdóttur, eiginkonu sinni og söngkonu, að til að kveða nokkrar góðar vísur úr mansöng úr Númerímur. Sigurður var umdrabarn, talaði frá byrjun í bundnu máli og var ellefu ára þegar hann orti Ölversrímur. Sautján ára fór hann til þriggja ára náms í beykisiðni til Kaupmannahafnar. Hann lauk aldrei prófi, en þarna hófst margþættur ferill hans sem einkenndist af drykkjuskap og kvennafari ásamt smáóknyttum, svikum og prettum. En hann átti líka betri hliðar, stundum tókst honum að halda sér uppi á beykisiðninni, en fyrst og fremst var hann dádur og vinæll sem skáld, ávallt glaður og skemmtilegur. Hann hafði reyndar gott innsæi í eigin breyskleika og og skaphöfn eins og sést í mörgum vísu hans. Afköstin í kveðskapnum voru mikil, kunnáttan líka, en gæðin misjöfn. Innan um leynast perlu, sérstaklega náttúruleysingar. Sigurður flæktist milli staða, oft á flótta undan skuldum og svikum. Einna bestan tíma átti hann í Grænlandi, drakk þá minna og orti þar Númerímur, sem taldar eru hans bestu. Einnig skrifaði hann merka bók um Grænland og Grænlandinga, það eina sem eftir hann liggur í óbundu máli. Hann endaði ævina sem strætisróni í Reykjavík og dó úr mislingum 48 ára gamall 1846. Sigurður var af alþýðufólki, kvæðin hans eru alþýðukveðskapur og hann naut hylli síns fólks. Jónas Hallgrímsson og Fjölismenn voru af allt öðru sauðahúsi, synir góðbænda og enbættismanna. Þeir skömmuðu þjóð sína fyrir sofandahátt og kenndu m.a. rímunum um. Þarna var nokkur þversögn, því að þjóðernisbarátta þeirra féll í sjálfu sér að rómantísku stefnunni, en þeir litu aðeins til fjarlægrrar fortíðar. Þeir höfðu heldur

ekki auga fyrir breytingum og nýjungum í atvinnuháttum og sjávarútvegi. Þekktar eru deilur Sigurðar og Jónasar Hallgrímssonar, sem reyndar birtust f.o.f. í harkalegum ritdómi Jónasar um Númerímur. Hugsanlega hafa þeir hist í Kaupmannahöfn. Þeir áttu áfengissýkina sameiginlega en fátt annað. Tæpast þarf að nefna skáldskapinn, Jónas orti að vísu astarljóð en var aldrei við konu kenndur. Hann fór oft einförum og hefur kannski öfundað Sigurð af skemmtilegheitunum og vinsældunum. Svo fór að Jónasi var lyft á stall sem þjóðskáldi nærri hálfri öld eftir dauða sinn en hróður Sigurðar féll fljótlega í gleymsku og flestum þótti þá lítið til kveðskapar hans koma, með einni undantekningu þó, en það var Einar Benediktsson. Ljóst var að Óttar hefur lifað og hrærst með þessum 19. aldar mönnum í þau tvö ár sem hann hefur unnið að bókinni og rík samúð hans með alþýðyskáldinu Sigurði afdráttarlaus. Í umræðum var m.a. dregið á alkóhólisma beggja þessara skálda, Sigurðar og Jónasar, gæði skáldskapar borin saman, og þá vinnur Jónas og minnst á Robert Burns.

Fundi slitið kl. 17:00